

Sp.

167. Svar

[98. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Maríu E. Ingvadóttur um framkvæmd ákvæða um gjafsókn í lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Áður en vikið er að einstökum liðum fyrirspurnarinnar er rétt að taka eftirfarandi fram: Orðið „gjafsókn“ í fyrirspurninni er skilið á sama hátt og það er notað í 1. mgr. 171. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, þ.e. að það nái bæði til gjafsóknar og gjafvarnar.

Tímabilið, sem var athugað, var síðustu þrjú ár miðað við fyrirspurnardag, þ.e. frá 10. nóvember 1984 til 10. nóvember 1987.

1. Hve oft hefur gjafsókn verði veitt sl. þrjú ár?

Fyrir undirrétti	33
Fyrir Hæstarétti	15
	<hr/>
Alls	48

Af þeim 15 málum, sem gjafsókn fengu fyrir Hæstarétti, höfðu fjögur mál einnig fengið gjafsókn fyrir undirrétti.

2. Hver eru útgjöld ráðuneytisins vegna þessa?

	<i>Krónur</i>
1985	1 236 325
1986	1 120 702
1987 (til 10. nóv.)	3 060 117

3. Hverjir njóta helst gjafsóknar?

Samkvæmt 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er heimilt að veita gjafsókn:

„1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.

2. Einstökum mönnum sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins.“

Auk þess er að finna í einstökum lögum ákvæði um veitingu gjafsóknar, t.d. í 3. tölul. 154. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, og 3. mgr. 45. gr. barnalaga, nr. 9 1981.

Fátítt er að gjafsókn sé veitt á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en þó eru þess dæmi að t.d. hreppsfélög hafi fengið gjafsókn á þeim grundvelli. Mun algengara er að gjafsókn sé veitt á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 172. gr., þ.e. að efnalitlir einstaklingar njóti gjafsóknar, og óhætt er að segja að efnalitlir einstaklingar, sem reka mál til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns eða missis framfærslu, séu í meiri hluta þeirra er njóta gjafsóknar.

4. *Hvers konar mál eru það helst sem um er að ræða?*

Af niðurlagi svarsins við 3. lið fyrirspurnarinnar leiðir að skaðabótamál vegna líkamstjóns eða missis framfæranda eru í meiri hluta þeirra mála er gjafsókn fá. En ekki er það einhlítt að öll skaðabótamál fái gjafsókn. Önnur mál, sem gjafsókn fá, eru af margvíslegum toga og skera sig engin mál úr með sama hætti og skaðabótamál gera.

5. *Til hvaða atriða er litið við mat á umsókn um gjafsókn?*

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, þurfa einstaklingar, til að þeir njóti gjafsóknar, að vera svo illa stæðir fjárhagslega að þeir megi ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins. Mat á fjárhag einstaklinga er byggt á skattframtölum og öðrum upplýsingum um fjárhag sem fram eru lagðar eða eftir kallað.

Það að skaðabótamál, vegna líkamstjóns eða missis framfæranda, eru í meiri hluta þeirra mála er gjafsókn hljóta vísar til þess að við mat á umsókn um gjafsókn er tekið tillit til þess hvort mál varði framfærslu einstaklings og fjölskyldu hans eftir atvikum.

Einnig er litið til þess hvort málsókn sé nauðsynleg til að niðurstaða máls fáiast. Þá er og tekið tillit til þess hvort ætla megi að niðurstaða máls hafi almenna þýðingu. Tvö síðasttöldu atriðin eiga sérstaklega við þegar umsókn um gjafsókn í öðrum málum en skaðabótamálum, þeirrar tegundar sem áður er nefnd, er metin.

6. *Hve oft hefur umsókn um gjafsókn verið hafnað sl. þrjú ár?*

Fyrir undirrétti	38
Fyrir Hæstarétti	18
	<hr/>
Alls	56